

11/08/2022

## Upplýsingar um heimavist og mótuneyti Verkmenntaskóla Austurlands

Heimavistin að Nesgötu 40 verður opnuð nemendum **sunnudaginn 21. ágúst 2022 kl. 16:00.**

- **16:00 – 17:00** Undirritun húsaleigusamninga og afhending herbergja/lykla
- **17:00** Fundur í matsal með skólameistara, umsjónaraðila heimavistar, húsverði og matráði
- **18:00** Léttur kvöldverður

**\* Foreldrar/forráðamenn skulu mæta með nemendum yngri en 18 ára og undirrita með þeim húsaleigusamning.**

### [Hér má sjá ýmsar gagnlegar upplýsingar um heimavistina!](#)

Leiga á haustönn 2022:

- Leiga\* pr. einstakling í tveggja manna herbergi - verð pr. mánuð: • 16.000.-
  - Leiga\* pr. einstakling í eins manns herbergi - verð pr. mánuð: • 22.000.-
  - Tryggingargjald - verð fyrir skólaárið (endurgreitt ef við á í lok annar/árs) • 10.000.-
- \* Ath. rukkuð er leiga fyrir 4 mánuði á önn

Á heimavistinni eru eldhúskrókar til afnota fyrir nemendur. Í þeim eru öll nauðsynleg tæki s.s. ísskápur, örbylgjuofn, brauðrist o.fl. Góð umgengni er forsenda þess að sambyli um eldhúskróka gangi vel.

Nemendur hafi með sér:

- Sæng og kodda
- Lín til einkaafnota, s.s. rúmföt og handklæði
- Leirtau til eigin afnota í eldhúskrókum en þar sér hver um sitt

Nemendur fá almennar hreinlætisvörur, s.s. salernispappír og handsápu á heimavistinni.

Mötuneyti:

- Kostnaður fyrir fimm daga fæði á haustönn er kr. 243.000.- innifalið í því er morgunverður 5 daga vikunnar og hádegis- og kvöldmat (kvöldmáltíð á föstudagskvöldum er ekki innifalin þar sem mótuneytið er lokað um helgar).
- Gjaldið er innheimt í 4 greiðslum – [sjá hér nánari upplýsingar](#) um gjalddaga o.fl.
- Stofnuð verður krafa í heimabanka nemenda eldri en 18 ára og hjá forráðamönnum nemenda yngri en 18 ára.

[Matseðil má nálgast á heimasíðu skólans](#) og einnig á [Facebook síðu Matfélagsins](#).

[Hér má lesa nánar](#) um kostnað við heimavist og mótuneyti ásamt upplýsingum um jöfnunarstyrk og húsaleigubætur.

Mýrargötu 10  
740 Fjarðabyggð

Netfang: [va@va.is](mailto:va@va.is)  
Heimasíða: [www.va.is](http://www.va.is)

Sími 477 1620  
Fax: 477 1852



Við erum með sameiginlegan hóp á Facebook þar sem einungis eru vistarbúar, forráðafólk og starfsfólk sem tengist heimavist eða vistarbúum. Hópurinn heitir **Heimavist VA**. Þar getið þið óskað eftir aðgangi. Gjarnan virkar best að koma upplýsingum til allra með því að setja þær í þennan hóp.

[Hér má finna heimavistarreglur](#) og eruð þið beðin um að kynna ykkur þær vel áður en dvöl hefst. Við viljum að öllum líði vel á vistinni, þetta er ykkar heimili, þar eiga allir skjól.

Verið velkomin á heimavistina!

Hafliði Hinriksson  
skólameistari  
GSM: 869 2721

Björgúlfur Halldórsson  
húsvörður  
GSM: 895 0166